

Notkun VHF

talstöðva í neyð

1

Upplýsingar og tilmæli

Hvað er VHF talstöð?

VHF talstöð er mikilvægt öryggistækis sem vera skal um borð í öllum skipum. Hér eru tekin saman mikilvæg atriði um notkun VHF talstöðva í neyð. Það er mikilvægt að alltaf sé opið fyrir rás 16 á VHF stöðinni svo hægt sé að heyra og bregðast við neyðarkalli.

Hafið alltaf opið fyrir rás 16

Rás 16 er neyðar- og uppkallsrás og skal ekki notuð til annars. Öll skip eiga að hafa hlustvörslu á rás 16 auk þess sem Vaktstöð siglinga fylgist með þeirri rás. Minnt er á að alltaf skal vera kveikt á talstöðinni og hún stillt á rás 16. Flestar talstöðvar í dag eru fjölrása (Dual watch / Tri watch) og þarf að tryggja að ein þeirra rása sem opin er sé rás 16. Þannig er tryggt að neyðarkall heyrir alltaf.

Notkun VHF talstöðvar í neyð

Við neyð skal senda út alþjóðlega neyðarkallið **MAYDAY, MAYDAY, MAYDAY**.

Nauðsynlegt er að tilkynna staðsetningu skips, fjölda fólks um borð og eðli neyðar.

AÐFERÐ:

1. Minnt er á að alltaf skal vera kveikt á talstöðinni og hún stillt á rás 16.
2. Ef þörf er á skal núta **SQUELCH** takkanum þar til suðið þagnar.
3. Haldið senditakkanum inni og sendið neyðarkallið:

- a. **MAYDAY, MAYDAY, MAYDAY**
- b. **Staðsetning**
- c. **Fjöldi fólks um borð**
- d. **Eðli neyðar - t.d. bruni, strand, leki o.s.frv.**

4. Sleppið senditakkanum

Endurtakið eftir þörfum.